

Upprunalausí flóttamaðurinn:

Enn vegalaus hjá Geðhjálp

FÉLAGSMÁL Pólitískur flóttamaður, Aslan Gílaev, dvelur enn í húsnæði Geðhjálpar, ríkisfangslaus og algjörlega vegalaus. Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, átti nýverið fund með fulltrúa dómsmálaráðuneytis. Sveinn sagði að fulltrúi ráðuneytisins hefði lýst vilja sínum til að athuga hvort hægt væri að útvega manninum vegabréf sem útlendingi, þó svo að uppruni hans hefði ekki fengist staðfestur.

„Það þýðir að maðurinn er þá alla vega frjáls ferða sinna en á ábyrgð íslenskra yfirvalda,“ sagði Sveinn.

Aslan Gílaev kom hingað til

lands sem pólitískur flóttamaður fyrir um það bil fimm árum. Hann kvaðst upphaflega hafa flúið frá Tsjetsjeníu árið 1995. Drátt fyrir ítarlega eftirgrennslan hefur ekki tekist að staðfesta hvaðan hann kom.

Sveinn sagði að nú hefði verið gengið frá nauðsynlegum pappír-um, þannig að Aslan gæti fengið örorkubætur frá Tryggingastofnun.

„Í dag er honum ekki einu sinni kleift að vinna, því hann er ekki með atvinnuleyfi,“ sagði Sveinn. „Hann hefur meira að segja fengið synjun frá bankakerfinu um viðskipti, þótt hann sé með kennitölu, því vegabréfið vantar.“

-jss



ASLAN GÍLAEV Er kominn á örorkubætur og bíður enn úrlausnar sinna mála.